

hann umsjón yfir því, annast um útlán bókanna, samkvæmt reglugjörð, er um það hefir verið sett, m. fl.

1860.
13. júní.

Enn skal því við bætt, að ekkert annað bókasafn á Íslandi kemst í neinn samjöfnuð við stiptsbókasafnið að stærð; það er og hið eina bókasafn, sem hefir fyrir mark og mið að efla menntun á gjörvöllu landinu; en til eru önnur söfn, sem aðeins eru ætluð amti eður minna héraði. Stjórnardeildin verður því að láta í ljósi það álit sitt, að eptir því sem að ofan er greint sè stiptsbókasafnið þannig á sig komið, að vert sè að mæla fram með því, að það fái ritið um dómkirkjuna í Þrándheimi, svo og að bókasafn þetta verði tekið til greina seinna meir, þá er líkt kann að standa á.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 20. júní.
norður- og austurumdæminu, um styrk handa
ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns
í Eyjafjarðar sýslu.

Eptir bænarskrá, er þér, herra amtmáður, hafð sent hingað með bréfi 11. febrúarm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Valgerði Árnadóttur á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar.

34. Opið bréf frá dómsmálastjórninni til allra yfir- 20. júní.
valda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Allen
Young's skipstjóra í norðurhöfin.

Einsog dómsmálastjórnin þegar í opnu bréfi 9. þ. m. hefir skorað á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, að láta *Sir Leopold*

1860.

20. júní.

McClintock, skipstjóra, í tæ alla þá hjálp og greiðvikni, sem þeim er unnt, við rannsóknir hans um dýpt sjávarins og annað við eyhlönd þessi, þær er hann á að gjöra eptir tilhlutun hinnar ensku stjórnar á gufuskipinu *Bulldog*, til að komast að raun um, hvort fært sè; eptir því sem áformað hefir verið, að leggja rafsegulþráð millum Norðurálfu og norðurhluta Vesturheims, yfir Færeyjar, Ísland og Grænland, — þannig skora jeg á sama hátt, eptir tilmælum fjárhagsstjórnarinnar, á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, einkum amtmanninn á Færeyjum og stiptamtmanninn og amtmennina á Íslandi, að veita Allen Young skipstjóra, er ræður fyrir gufuskipinu *Fox*, og öllum þeim, sem eru í för með honum, allt það liðsinni og alla þá greiðvikni, sem unnt er, við rannsóknir þær, er þeir munu gjöra, eptir skýrslu *Tal. P. Shaffner's* ofursta, til að komast eptir, hvort leggja megi rafsegulþráðinn, er áður er um getið, og sem einkanlega munu verða í því fölgna, að kanna firðina við eyjar þessar og þá staði, þar sem koma mætti þræðinum á land, einnig í því, að kynna sèr, hver stefna þar væri hagkvæmust fyrir rafsegulþráðinn á landi.

20. júní. 35. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um ritlaun handa Sigurði Melsteð, kennara við prestaskólann.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 1. ágúst. í fyrra, hefir stjórn kirkju- og kennslumálanna í dag veitt Sigurði Melsteð, kennara við prestaskólann í Reykjavík, 200 ríkisdala þóknun, sem ritlaun fyrir bók, er hann hefir ritað á íslenzku um mismun á trúarlærdómum katólsku og prótestantisku kirkjunnar.

Um leið og þetta er nú gefið yður til vitundar, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar Melsteð kennara, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir einnig í dag verið boðið að greiða fæð úr jarðabókarsjóði landsins.